

Fundur Odvitanefndar UTU haldinn í ráðhúsi Hrunamananhrepps á Flúðum, föstudaginn 21. febrúar 2020, kl. 11:00.

Mætt voru, Björgvin Skafti Bjarnason, Jón G. Valgeirsson, Helgi Kjartansson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Guðmunundur Gíslason.

Fundinn sátu einnig Valtýr Valtýsson, Eydís Indriðadóttir, Bjarni Daníelsson, Hannibal Kjartansson og Áslaug Alda Þórarinsdóttir.

Jón stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Dagskrá

### **1. Uppgjör á seyruverkefninu fyrir árið 2019.**

Jón fór yfir uppgjör vegna ársins 2019. Uppgjörið skiptist í þrjá þætti, rekstur á Seyrustöðum, fjárfestingu og rekstur á hreinsibifreið og hafa tillögur að uppgjöri verið sendar til sveitarfélaganna.

Heildarkostnaður sveitarfélaganna við rekstur á Seyrustöðum nam kr. kr. 8.066.252 að teknu tilliti til tekna frá öðrum aðilum og styrkja af verkefninu. Á árinu 2018 var sambærilegur kostnaður kr. 6.415.230. Tekið var á mót 585 tonnum af seyru á árinu 2019 en 440 tonnun á árinu 2018. Kostnaði milli sveitarfélaganna var skipt niður eftir kílómagni skv. vigt og síðan var í fyrsta skipti 5% af nettókostnaði skipt að jöfnu milli sveitarfélaganna sex.

Fjárfestingarkostnaður vegna ársins 2019 nam samtals kr. 96.074.287 og var næstum eingöngu vegna byggingar á aðstöðuhúsi á Seyrustöðustöðum á Flúðum og málum tengdum húsinu. Þar sem verklok á húsinu töfðust fram yfir áramót vegna óhagstæðra veðurskilyrða mun hluti kostnaðar sem áætlaður var á árinu 2019 þurfa að flytjast á árið 2020 eða um kr. 12. millj. Heildarfjárfestingarkostnaður ársins 2020 myndi því verða um 32. millj.

Kostnaður vegna reksturs á hreinsibifreið seyrubandalagsins nam kr. 20.534.221 og að auki var keypt þjónusta af Hreinsitækni að fjárhæð kr. 14.943.705 eða samtals kr. 35.477.926. Á árinu 2018 var heildarkostnaðurinn kr. 35.116.868. Á árinu 2019 voru hreinsuð 2.131 rotþró af mismunandi stærðum en á árinu 2018 voru þær 2.182. Heildarkostnaði var skipt þannig að rotþær eru flokkaðar í 6 stærðarflokka með mismunandi kostnaðarstuðla og einnig að tekið yrði tillit til aksturs þannig að hvert sveitarfélag greiði kr. 500 á hvern kílómetra. Þá var í fyrsta skipti 5% af heildarkostnaði skipt að jöfnu milli sveitarfélaganna sex.

Fundarmenn samþykktu síðan fyrirbyggandi tillögur og uppgjör á milli sveitarfélaganna á verkefninu.

### **2. Þjónustufulltrúi seyruverkefnisins.**

Jón fór yfir ráðningu á þjónustufulltrúa seyruverkefnisins og á fundinn mætti Áslaug Alda Þórarinsdóttir sem ráðin hefur verið sem þjónustufulltrúi seyruverkefnisins. Fundarmenn bjóða Áslaugu Öldu velkomna til starfa í þetta krefjandi verkefni. Fyrir liggur að hún getur hafið störf um næstu mánaðarmót og fyrsta verkefni hennar verður að setja sig inn í kortagrunna verkefnis og nálagast upplýsingar í tengslum við skrifstofur sveitarfélaganna. Fram kom að búið er að kaupa bifreið fyrir verkefnið en keyptur var notaður Toyota Hilux að fjárhæð kr. 3,7 millj.

### **3. Annað og næstu skerf.**

Fyrir liggur að það þarf að fara að endurskoða samstarfssamning sveitarfélaganna m.t.t. þeirra breytinga sem hafa orðið á starfsseminni og kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna. Jóni falið að gera gera drög að breytingum á samningnum og senda á sveitarfélögin.

Þá fór Hannibal yfir hugmyndir um skipulag á hreinsun rotþróa á árinu 2020 en fram kom að Hreinsitækni mun verða áfram verktaki vegna hreinsunar á hluta á rotþrónum.

Þá kom einnig fram að brýnt er að huga að því að allar rotþær séu skráðar og hnitsettar í gagnagrunn verkefnisins en einhver vanhöld eru á því. Jafnframt var rætt um að nauðsynlegt sé að

rotþrær séu teknar út af UTU bs. við úttektir á fasteignum en fulltrúum sveitarfélaganna í skipulagsnefnd falið að koma þeim skilaboðum á framfæri. Einnig var rætt um burðarhæfni vega sem eru vandamál, sérstaklega í sumarhúsaahverfum, og hvort hægt væri að gera ráðstafanir til að hagsmunaaðilar bæti þá.

Þá þarf að huga að því að reyna að þróa verkefnið áfram í samstarfi við HES til að hægt sé að sinna neyðarlausunum yfir vetrartímann.

#### **4. Skoðunarferð**

Að formlegum fundi loknum var farið í skoðunarferð í aðstöðuhúsið sem risið er að Seyrustöðum á Flúðum.

Fundi slitið kl. 12:15.